

Fundargerð

Hvaða fundur

Dags. fundar: 18. maí 2020	Staðsetning: Teams	Fundur settur: 13:00
Fundarboðari: SV	Fundarritari: SV	Fundi slitið: 13:30

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mætt:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar
x	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð
x	Arnar Úlfarsson	Austurbrú
x	Árni Óðinsson	Landsvirkjun
	Dagmar Ýr Stefánsdóttir	Alcoa Fjarðaál
x	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshérað
	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú
x	Hjalti Jóhannesson	Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri
x	Sigrún Vígundsdóttir	Austurbrú

Efni / dagskrá:

- Á fundinum var rætt um nýjan vef verkefnisins.
 - Vefurinn er að verða tilbúinn og var rætt að setja hann í loftið um næstu helgi.
 - Það tekur einhverjar klukkustundir, jafnvel sólarhring fyrir síðu að birtast hjá notendum og því gott að hafa vefinn í loftinu í nokkra daga áður en hann er opnaður formlega.
 - Starfsmenn gerðu lítilsháttar breytingar á flokkun vísa, þannig að Fyrirtækjavísunum er skipt í fjóra flokka í stað sex samkvæmt upphaflegri áætlun og efnahagsvísunum í fjóra flokka í stað fimm í upphaflegri áætlun. Engar athugasemdir gerðar við breytingarnar og almenn ánægja með vefinn.
 - Keyptar verða auglýsingar þegar vefurinn fer í loftið. Auglýsingar á samfélagsmiðlum eru ódýrar og áhrifaríkar, en einnig rætt að auglýsa í fréttamiðlum svæðisins.
 - DÝS komst ekki á fundinn og því var ákvörðun um fyrirkomulag opunar frestað.
 - Þegar ákvörðun hefur verið tekin um opunarathöfn verður skrifuð fréttatilkynning og send á helstu fjölmiðla.
- Önnur mál
 - SV hefur sagt upp störfum hjá Austurbrú og hættir í júní. AÚ tekur við umsjón Sjálfbærni- og umhverfisverkefnisins en ekki liggur fyrir hvort og þá hver vinnur með honum að verkefninu.